

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2023

Efni: 507. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða

Vísað er til erindis frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 22. nóvember 2023 þar sem óskað var umsagnar við frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða.), 507. mál.

Samgöngustofa telur rétt að að benda á að tillögurnar voru fyrst kynntar fyrir stofnuninni í nóvember sl. Samgöngustofa sendi í kjölfarið athugasemdir til fjármála- og efnahagsráðuneytis, sjá fylgiskjal. Tekið hefur verið tillit til fjölmargra þeirra athugasemda sem Samgöngustofa gerði en eftir standa þó nokkur atriði sem stofnunin telur rétt að ítreka.

Samgöngustofa, stjórnarsýslustofnun samgöngumála starfar samkvæmt lögum nr. 119/2012 og fer með stjórnarsýslu og eftirlit á þeim sviðum sem undir stofnunina heyra. Hlutverk Samgöngustofu er einkum að stuðla að öryggi í þeim samgöngugeirum sem falla undir eftirlit hennar og kemur stofnunin ekki að skattlagningu á borð við þá sem hér er lögð til með frumvarpi um kílómetragjald. Af þessum sökum er það mat Samgöngustofu að stofnunin hafi takmarkað hlutverk við framkvæmd laganna og að hlutverk stofnunarinnar ætti einvörðungu að snúa að tæknilegri varðveislu/hýsingu upplýsinga um stöðu akstursmæla. Samgöngustofa hefur í dag lögbundið hlutverk að því er varðar að taka við upplýsingum um skráningu á stöðu akstursmæla sem koma frá skoðunarstofum í tengslum við lögbundna aðalskoðun ökutækja. Ekki má blanda þeirri skráningu við þá skráningu sem hér er til umræðu, þar sem grundvöllur skráninganna er ólíkur. Þá vekur Samgöngustofa athygli á því að útfæra þarf með skoðunarstofum hvernig skráningin sem frumvarpið gerir ráð fyrir verður framkvæmd.

Með vísan til framangreinds þarf að koma skýrt fram í frumvarpinu að hlutverk Samgöngustofu sé einungis að hýsa og miðla gögnum um stöðu akstursmæla en að það sé hlutverk ríkisskattstjóra að ákveða reglur um álestur sem Samgöngustofa vinnur eftir. Samgöngustofa leggur því til að í þeim ákvæðum frumvarpsins þar sem vísað er til þess að upplýsingar séu sendar Samgöngustofu „á því formi sem Samgöngustofa ákveður“ komi í staðinn: „...á því rafræna formi sem Samgöngustofa ákveður er varðar varðveislu og miðlun gagna til annarra stjórnvalda“.

Eftirfarandi eru athugasemdir Samgöngustofu við einstakar greinar:

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um skráningu á stöðu akstursmælis. Að mati Samgöngustofu gefur orðalag 1. mgr. 8. gr. til kynna að hlutverk stofnunarinnar sé meira en það er. Samgöngustofa leggur því til að í staðinn fyrir að þar segi “ Samgöngustofa hefur umsjón með skráningu á stöðu akstursmælis samkvæmt lögum þessum” segi “Samgöngustofa hefur umsjón með varðveislu og miðlun gagna um stöðu akstursmæla samkvæmt lögum þessum”. Þá mætti bæta við í greinargerð lýsingu á því að þetta er tæknileg varðveisla/hýsing og miðlun til annarra stjórnvalda.

Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um að óheimilt sé að skrá eigendaskipti eða breytingu á umráðamanni bifreiðar nema gjaldfallið kílómetragjald og eftir atvikum vanskráningargjald hafi áður verið greitt. Samgöngustofa bendir á að liggja þarf fyrir hvaðan og hvernig Samgöngustofa fær upplýsingar um greiðslu gjaldfallins kílómetragjalds og vanskráningargjalds. Þá vekur Samgöngustofa athygli á því að ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvort gert er ráð fyrir að kílómetragjald gjaldfalli við eigendaskipti. Sé gert ráð fyrir því þá liggja upplýsingar um greiðslu ekki fyrir fyrr en innheimta hefur átt sér stað (sem byggir á skráningunni) og greiðslustaðfesting hefur verið send Samgöngustofu. Slíkt tekur að jafnaði einhvern tíma, jafnvel daga. Þannig er viss ómöguleiki í því að framkvæma eigendaskipti á sama tíma og álestur/skráning á sér stað. Geti nýr eigandi ekki gengið frá eigendaskiptum fyrr en fyrri eigandi hefur gert upp gjaldið er því fyrirséð að fyrirkomulagið mun hafa töluverð neikvæð áhrif á bílaviðskipti.

Að lokum telur Samgöngustofa rétt að skýrt komi fram í greininni að ríkisskattstjóri ákveði reglur um álestur við eigendaskipti sem Samgöngustofa vinni eftir og útfæri verklag til samræmis.

Í 14. gr. frumvarpsins er fjallað um afskráningu bifreiða. Líkt og fram kemur í umfjöllun að framan telur Samgöngustofa rétt að skýrt komi fram í greininni að ríkisskattstjóri ákveði reglur um álestur við afskráningu bifreiða sem Samgöngustofa vinni eftir og útfæri verklag til samræmis.

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um virkni akstursmælis og kemur þar m.a. fram að ef í ljós kemur við skráningu á stöðu akstursmælis bifreiðar að talning akstursmælis er röng eða engin skuli gjaldskyldur aðili tafarlaust tilkynna um bilun mælisins til Samgöngustofu. Óskýrt er hvert hlutverk stofnunarinnar skal vera berist þess háttar tilkynningar og þörf á frekari útfærslu.

Í 19. gr. frumvarpsins er fjallað um kærueimildir.

Samgöngustofa mótmælir því hlutverki sem stofnuninni er fengið með því að lagt sé til að stofnunin úrskurði um skráningar faggiltra skoðunarstofa á stöðu akstursmælis. Líkt og áður hefur komið fram hefur Samgöngustofa ekki hlutverk hvað varðar álagningu kílómetragjalds og þótt stofnunin geti leiðrétt bersýnilegar villur í skráningu sbr. það sem lagt er til í 8. gr., hefur hún ekki forsendur til þess að draga í efa skráningu á stöðu akstursmælis að öðru leyti. Samgöngustofa leggur því til að Ríkisskattstjóri taki efnislega afstöðu til umræddra mála og geti eftir atvikum óskað eftir umsögn Samgöngustofu ef þörf verður talin á.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Jónsson
Forstjóri

Kristín Helga Markúsdóttir
Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs

Afrit: Umsögn til fjármála- og efnahagsráðuneytis dags. 13. nóvember 2023

Reykjavík, 13. nóvember 2023
Tilv.:2112646**Efni: Athugasemdir Samgöngustofu vegna frumvarps til laga um kílómetragjald**

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust þann 3. nóvember sl. drög að frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða (hreinorku – og tengiltvinnbifreiða). Í umfjöllun um frumvarpið á samráðsgáttinni kemur fram að gert er ráð fyrir að fyrsta skrefið verði stigið í lögfestingu á nýju tekjuöflunarkerfi af ökutækjum og eldsneyti með því að taka upp kílómetragjald frá og með 1. janúar 2024 vegna notkunar rafmagns- og vetnisbifreiða annars vegar og tengiltvinnbíla hins vegar á vegakerfinu. Til einföldunar er lagt upp með að lögin verði í upphafi einskorðuð við fólks- og sendibifreiðar.

Frumvarpið var í fyrsta skipti kynnt Samgöngustofu á fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytis, skatts og island.is á fundi 8. nóvember sl. Einungis hafði óformleg umræða átt sér stað áður varðandi aðkomu Samgöngustofu við að hýsa gögn um kílómetrastöðu ökutækjanna samkvæmt fyrirhuguðum lögum um kílómetragjald, í ökutækjaskrá. Þeirri skráningu átti ekki að blanda saman við þá kílómetrastöðu sem skráð er í lögbundinni aðalskoðun ökutækja. Hlutverk Samgöngustofu væri einungis að hýsa gögnin og sjá til þess að skatturinn gæti sótt þau til þess að útfæra nánar þá skattlagningu sem hér er til umræðu.

Samgöngustofu hefur þannig ekki gefist mikill tími til þess að rýna frumvarpið en telur þó eftir fyrstu yfirferð nauðsynlegt að benda á eftirfarandi atriði þar sem stofnuninni virðast fengin fleiri og yfirgrípsmeiri hlutverk en upphaflega var lagt upp með. Þá bendir Samgöngustofa á sem almenna athugasemd að hlutverk Samgöngustofu á sviði umferðar- og vegamála samkvæmt lögum um Samgöngustofu nr. 119/2012 er fyrst og fremst að stuðla að umferðaröryggi og að þátttaka í skattálagningu og meðferð skattamála hefur hingað til ekki verið á borði Samgöngustofu.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að með gjaldskyldri bifreið samkvæmt lögum þessum sé átt við bifreið sem fellur undir einn af eftirfarandi staflaðum: a. Bifreið sem alfarið er knúin rafmagni eða vetni, sem skráð er sem fólks- eða sendibifreið í ökutækjaskrá og fellur undir 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. b. Tengiltvinnbifreið sem skráð er sem fólks- eða sendibifreið í ökutækjaskrá og fellur undir 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. c. Tengiltvinnbifreið eða bifreið sem alfarið er knúin rafmagni eða vetni, sem skráð er sem fólks eða sendibifreið erlendis eða keypt ný og óskráð erlendis og er nýtt tímabundið hér á landi, að hámarki í tólf mánuði.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Samgöngustofa hafi umsjón með skráningu á stöðu akstursmælis samkvæmt lögnum, hvort sem er með sérstökum álestri gjaldskylds aðila eða við sérstakan álestur á stöðu akstursmælis hjá faggiltri skoðunarstofu, eða við reglubundna skoðun bifreiðar. Samgöngustofa ítrekar það sem þegar kemur fram um að hlutverk Samgöngustofu er ekki að sinna skattheimtu og að stofnunin telur því orðalag

ákvæðisins um að Samgöngustofa hafi umsjón með skráningu, of víðfemt. Lagt er til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að Samgöngustofa hýsi gögn sem berast um stöðu akstursmælis samkvæmt lögum þessum og sjá til þess að þeim sé miðlað eða hægt sé að nálgast þau af þeim stjórnvöldum sem með málið hafa að gera.

Skýra þarf að gert sé ráð fyrir tveimur skráum – þar sem skráning á stöðu akstursmælis ökutækis frá skoðunarstofu við reglubundna skoðun bifreiðar er alltaf send samdægurs til Samgöngustofu. Ekki má blanda þessum tveimur skráningum saman því með því raskast eftirlit SGS með skoðun ökutækja.

Þá þarf að skýra að álagning vanrækslugjalds sé ekki á höndum Samgöngustofu, og eftirfylgni með þeirri álagningu sé ekki á höndum stofnunarinnar en Samgöngustofa hefur aldrei haft með álagningu vanrækslugjalds að gera.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Samgöngustofa skuli boða gjaldskyldan aðila í álestur á stöðu akstursmælis hjá faggiltri skoðunarstofu, í þeim tilvikum sem skráning hefur ekki farið fram á almanaksárinu, eða ef aðrar ástæður þykja vera fyrir hendi sem kalla á að bifreið fari í álestur hjá faggilti skoðunarstofu samkvæmt mati Samgöngustofu eða ríkisskattstjóra.

Samgöngustofa telur það ekki vera hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með skráningu kílómetrastöðu skráðra bifreiða og boða svo hvert ökutæki í álestur, ef skráning hefur ekki átt sér stað. Stofnunin mótmælir því þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi enda ætti það hlutverk að vera á hendi þeirra sem sjá um álagningu gjaldsins. Þá bendir stofnunin á að ákvæðið er óljóst um hvaða tilvik það eru sem ættu að gefa tilfærni til boðunar samkvæmt greininni.

Þessu til viðbótar telur Samgöngustofa rétt að benda á að skoðunarstofur eru einkarekin fyrirtæki og þarf að finna út úr því hvernig samið verður við þær um þá þjónustu sem gert er ráð fyrir að þær sinni samkvæmt frumvarpinu. Þá þarf að sjá skoðunarstofunum fyrir tæknilegum lausnum til að skila álestrinum inn í skrá Samgöngustofu.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Samgöngustofa og ríkisskattstjóri ákveði form til þess að skila inn upplýsingum skriflega. Að mati Samgöngustofu ætti ákvörðun um formið alfarið að vera á hendi ríkisskattstjóra en Samgöngustofa útfærir tæknilegar lausnir til þess að hýsa upplýsingarnar.

Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við eigendaskipti og við breytingu á skráðum umráðamanni skuli skrá stöðu akstursmælis. Samgöngustofa gerir ráð fyrir að það sé gjaldskyldur aðili sem setur inn stöðu akstursmælis á tilkynningu um eigendaskipti/breytingu á umráðamanni.

Þá segir „Kaupandi eða nýr umráðamaður skal samþykkja skráða stöðu akstursmælis á því formi sem Samgöngustofa ákveður“. Að mati Samgöngustofu ætti ákvörðun um formið alfarið að vera á hendi ríkisskattstjóra en Samgöngustofa útfærir tæknilegar lausnir til þess að hýsa upplýsingarnar.

Að því er varðar að óheimilt sé að skrá eigendaskipti eða breytingu á umráðamanni bifreiðar nema gjaldfallið kílómetragjald og eftir atvikum vanrækslugjald hafi verið greitt, bendir Samgöngustofa á að skýrt þarf að liggja fyrir hvernig Samgöngustofa fær upplýsingar um greiðslu.

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um afskráningu bifreiða og kemur fram að gjaldskyldur aðili skuli skrá stöðu akstursmælis á tilkynningu um afskráningu til Samgöngustofu á formi sem Samgöngustofa ákveður. Að mati Samgöngustofu ætti ákvörðun um formið alfarið að vera á hendi ríkisskattstjóra en Samgöngustofa útfærir tæknilegar lausnir til þess að hýsa upplýsingarnar.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um virkni akstursmælis o.fl. Samkvæmt greininni ber að tilkynna til Samgöngustofu ef í ljós kemur að talning akstursmælis er röng eða engin. Að mati Samgöngustofu þarf að skýra betur hvort og hver viðbrögð Samgöngustofu eiga að vera við þessum tilkynningum?

Í 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um kærueimildir o.fl. Kemur þar m.a. fram að skráning á stöðu akstursmælis gjaldskyldrar bifreiðar í eigu eða umráðum gjaldskylds aðila, eða skráning faggiltrar skoðunarstofu í ökutækjaskrá sé kæránleg til Samgöngustofu innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar um skráningu og skal Samgöngustofa úrskurða um kærana svo fljótt sem auðið er. Að mati Samgöngustofu er stofnuninni hér fengið hlutverk sem hún hefur ekki forsendur til þess að framkvæma. Óljóst er á hvaða grundvelli Samgöngustofa ætti að draga í efa skráningu á stöðu akstursmælis. Samgöngustofa mótmælir þessu ákvæði og telur réttara að útfærð sé kæruleið hjá álagningaraðila (ríkisskattstjóra) sem eftir atvikum getur óskað eftir umsögn Samgöngustofu.

Að því er varðar síðustu málsgrein greinarinnar um að Samgöngustofu sé heimilt að leiðrétta skráningarskekkjur á stöðu akstursmælis að höfðu samráði við gjaldskyldan aðila eða samkvæmt beiðni hans þar um, væri eðlilegra að málsgreinin væri í samræmi við reglugerð um skoðun ökutækja.


Að mati Samgöngustofu er stofnuninni hér fengið hlutverk sem hún hefur ekki forsendur til þess að vinna á þeim grundvelli sem hér er til umræðu. Þannig þyrfti að útfæra mun betur á hvaða grundvelli Samgöngustofa ætti að draga í efa skráningu á stöðu akstursmælis.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur m.a. fram að Samgöngustofa skal senda þeim aðilum áminningu sem ekki hafa skráð kílómetrastöðu. Með vísan til þess sem að framan greinir um að hlutverk Samgöngustofu er orðið mun yfirgripsmeira en að hýsa gögn mótmælir stofnunin því hlutverki sem hér er lagt til.

Með vísan til framangreinds mótmælir Samgöngustofa því yfirgripsmikla hlutverki sem stofnuninni virðist falið með utanumhaldi, eftirliti og eftirfylgni með skráningum á stöðu akstursmæla. Stofnunin hefur áður lýst því að stofnunin sér fyrir sér að hýsa skráningar úr akstursmælum ökutækjanna og sjá til þess að hægt sé að miðla þeim upplýsingum í og úr skránni til viðeigandi aðila. Að öðru leyti telur Samgöngustofa sig ekki eiga að hafa hlutverk við álagningu kílómetragjalds.

Virðingarfyllt


Jon Gunnar Jónsson
Forstjóri


Kristín Helga Mörkúsdóttir
Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs